

Tökum tillit til landslags við framkvæmdir.

Ragnar Frank Kristjánsson, lektor
Landbúnaðarháskóli Íslands
113 Hvanneyri
ragnarf@lbhi.is

Í erindi mínu mun ég sýna nokkur dæmi um nýja landmótun við stórar framkvæmdir s.s. Hvalfjarðargöng, Sultartangavirkjun, námuvinnslu og vegagerð.

Við staðsetningu mannvirkja, hvort um sé að ræða hús, virkjanir, námur eða vegi, er frumskilyrði að tekið sé tillit til landslagsins og hvernig mannvirkid fellur inn í umhverfið/landið. Um allt land eru mörg dæmi um slæma staðsetningu, þar sem hvorki landslag né mannvirki nýtur sín eins og best er á kosið. Hugsa þarf mannvirkid og landslag sem eina heild.

Hvernig á fella nýtt mannvirki að ríkjandi staðháttum? Mikilvægt er að hugsa málið til enda. Efla þarf þekkingu hönnuða og framkvæmdaraðila, að þeir verði næmir á umhverfi og landslag, markmiðið er að geta líkt nýrri landmótun við ríkjandi landslag. Það er mikilvægt fyrir hönnuði og framkvæmdaraðila að geta "lesið" landið, söguminjar, jarðfræði, gróðurfar og landslag. Sá aðili sem hefur góðar tilfinningar fyrir landslagi á betur með að láta nýtt mannvirki falla vel að staðháttum. Skoða þarf náttúruna og skilja lögun landslagsins. Á Íslandi eru margar landslagsgerðir og hvert hérað með sín sérkenni. Okkar landslag er opið og hávaxinn gróður skýlir ekki mannvirkjum. Ákveðnar landslagsgerðir s.s. hraunsvæði eru viðkvæmari fyrir jarðraski en t.d. melar. Hægt er að móta mela og líkja eftir nærsvæðum, en það er ekki hægt með hraunsvæðum. Landslagsgreining er mikilvægt tæki til að skilja og skynja sérkenni svæðisins, ein leiðin er að gera sjónræna greiningu á aðstæðum.